



OPIÐ BRÉF TIL

Héraðsdóms Reykjavíkur,
Hr. dómstjóra, Ingimundar Einarssonar.

ERINDI: Varðandi einkamál nr. E-500/2014, sem ég þingfesti 18. febrúar. 2014.

Ég verð að viðurkenna að þegar ég kom inn í dómssal 102 í héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 18. febrúar s.l. taldi ég mig vera að koma inn í **lögskipaða miðstöð réttlætis**, sem byggði allt sitt starf á lögum, líkt og kveðið er á um í 61. gr. stjórnarskrár, en sú grein hefst á eftirfarandi orðum: "*Dómenður skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.*"

Mér varð því verulega brugðið, þegar dómari í því þinghaldi hafnaði eðlilegri beiðni minni um skráningu í þingbók að sá sem sagðist mættur fyrir gagnaðila málsins (stefnda Sigurð Erlingsson) maður að nafni Tryggvi Viggósson hdl., færði fram sönnun fyrir aðild sinni að málinu, með skriflegu umboði stefnda þess efnis. Dómari í þessu þinghaldi brást fljótt við og sagði að **slíks væri ekki þörf**. Vildi ég meina að svo væri, enda kæmi það skýrt fram í lögum um einkamál að **aðilar þyrftu að sanna aðild sína að máli**, ef minnsti vafi léki á lögmati afskipta þeirra eða nærveru.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að stefna mín beindist að forstjóra Íbúðalánasjóðs, fyrir hönd stofnunarinnar, sem er ríkisstofnun. Í því sambandi má vísa til 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þar segir eftirfarandi:

5. Þegar ríkið eða sveitarfélag á aðild að máli, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld, kemur sá fram sem fyrirsvarsmáður sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar, nema mælt sé á annan veg í lögum.

Ég þekki forstjóra Íbúðalánassjóðs í sjón og var því vel meðvitaður um að hann var ekki mættur, svo eðlilegt var að óska eftir framlagningu umboðs umrædds Tryggva til að mæta fyrir hans hönd. Gerði ég kröfu um að bókuð yrði krafa mín um framlagningu umboðs þess sem mættur væri fyrir stefnda, ella **yrði um útvistun stefnda að ræða**. Hafnaði dómari þinghaldsins beininni á þeirri forsendu að **slíkt sé ekki nauðsynlegt**, og vísaði þar til 2. gr. laga um lögmennt.

Mér kom verulega á óvart, að héraðsdómur væri í þinghaldi farinn að vinna eftir lögum um lögmennt, en ekki eftir lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Við fyrirspurn um slíkt til dómara þinghaldsins fengust engin svör; einungis að þetta væri ákvörðun dómarans og að stefnda yrði gefinn frestur til 15. apríl að skila greinargerð um málið. Ekkert af því sem ég óskaði eftir var ritað í þingbók.

Í neðstu línu ritunar í þingbók þinghaldsins segir að: - *Gætt var leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda*. Ég verð að segja að sú "leiðbeining" var nokkuð sérstök, því eina framlag dómara þinghaldsins var að **svipta mig þeim réttindum sem ég átti**, og þar að auki **að brjóta 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um framkvæmd þinghaldsins**.

Dómari í framangreindu þinghaldi í héraðsdómi Reykjavíkur, þriðjudaginn 18. febrúar 2014, var Þórhildur Línadal, í þingbók titluð – Aðstoðarmaður dómara og því ENGINN DÓMARI Í ÞINGHALDINU. Þegar ég kom heim, hóf ég athugun á lagaheimildum þess að "**aðstoðarmaður dómara**" sæti sem lögskipaður dómari í lögmati þinghaldi.

Í lögum nr. 91/119, um meðferð einkamála, er í II. kafla sem ber heitið, **Þinghöld og þingbækur o.fl.**, er í 7. gr. fjallað um þinghöld. Þar segir í upphafi greinar: **Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum**. Engin frávik frá þessu finnast í lögum nr. 91/1991.

Pegar litið er til laga nr. 15/1998, um dómstóla, má finna í 17. gr. heimild til að dómara megi ráða aðstoðarmenn, en þess ekki getið að aðstoðarmenn geti tekið sæti dómara í lögskipuðu þinghaldi. Hvergi í Dómstólalögum, eða öðrum Réttarfarreglum, verður fundin heimild til að aðstoðamaður dómara **sitji sem fullgildur dómari** í lögskipuðu þinghaldi. Jafnframt má benda á að samkvæmt framangreindum lögum, er SKYLT að hverju þinghaldi stýri lögskipaður dómari og **engin frávík frá slíku finnanleg í lögum eða Réttarfarreglum**.

Þinghald þann 15.04. 2014 í héraðsdómi Reykjavíkur.

Pegar ég mætti til þinghalds þriðjudaginn 15. apríl 2014, upphófst í raun sama vitleysan og í fyrra þinghaldi, þ. 18. febrúar s. l. Tryggvi Viggósson hdl. sótti mig fram á biðstofu og beindi mér að fara að dómaraþorði. Rétti hann mér þá nokkur samanheft blöð sem dómari sagði vera greinargerð stefnda í málinu. Ég sá stefnda hvergi í þingsal svo ég spurði dómaraann hver væri mættur fyrir hann. Sagði dómari að það væri Tryggvi. Benti ég á, **öðru sinni**, að hann hefði ekki lagt fram neitt umboð frá stefnda til að mæta í þinghald fyrir hann. **Þess vegna væri hann ekki þarna í umboði stefnda.**

Dómari þinghaldsins svaraði með þjósti að **þess þyrfti ekki**. Greinargerðin væri fram komin og málið yrði nú sent til dómstjóra til úthlutunar þess til dómara. Fór ég kurteislega fram á bókun á mótmælum mínum, **en því neitaði dómari þinghaldsins og vísaði mér út úr dómsal, afgreiðslu míns máls væri lokið**. Þegar ég vísaði til réttar míns til að fá afstöðu mína bókaða í þingbók, hvessti dómari þinghaldsins á mig augum og spurði hvort ég vildi að kallað yrði á húsvörð til að fjarlægja mig úr dómsal. Sagði ég dómara þinghalds ráða því, en ég færi ekki fyrir en ég hefði fengið þá bókun sem ég ætti rétt á.

Dómari þinghaldsins hringdi þá og óskaði eftir aðila til að fjarlægja mig úr dómssal. Kom þá inn vöðvabúnt mikið, lagði hendi á öxl mína og bað mig að fylgja sér út. Af fullkominni kurteisi sagðist ég ekki fara fyrir en ég hefði fengið í hendur bókun þá er ég hefði óskað eftir, sem ég hélt að ritari þinghaldsins væri að skrifa. Ritari þinghaldsins bað vöðvabúntið að hinkra meðan klárað væri að skrifa skjalið og kom greinilega í veg fyrir að meira og alvarlegar yrði brotið á mannréttindum mínum sem dómari þinghaldsins hafði þegar gert sig sekan um. **Litlu munaði því að rétturinn yrði sér verulega til skammar.**

Ég segi þetta vegna þess að þegar ég kom heim, leit ég á blaðið sem ritariinn hafði fengið mér. Þar sá ég að **EKKERT HAFÐI VERIÐ SKRÁÐ** af því sem ég óskaði eftir að skráð yrði í þingbók. Hins vegar stóð á blaðinu, að af hálfu stefnda, (Sigurðar Erlingssonar) sækti þing Tryggvi Viggósson hdl. (*án umboðs frá Sigurði, innskot GJ.*). Var hann sagður vera mættur fyrir Karl F. Jóhannsson hdl. en fyrir hann var heldur ekkert umboð frá stefnda Sigurði, til þess að nefndur Karl, hefði umboð til að mæta í þinghald eða til málsvarnar fyrir stefnda.

Af blaðinu sem ég fékk í hendur, sést að í þingbók málsins er eftirfarandi skrifað:

"Umboðsmenn aðila fengu samsmeiginlegan frest til gagnaöflunar um óákveðinn tíma um framkomna frávísunarkröfu. Málið fór til dómstjóra til úthlutunar."

EKKERT AF ÞVÍ SEM ÞARNA ER SKRÁÐ, VAR VIÐ MIG RÆTT. Enginn "umboðsmaður" var fyrir mína hönd, því ég mætti sjálfur í þinghald. Enginn "umboðsmaður" var heldur fyrir hönd stefnda, því ekkert umboð hafði verið lagt fram, fyrir hans hönd. Hvorki í þessu þinghaldi né því fyrra, þegar þingfesting fór fram. Neðsta lína bókunar í þingbók málsins við fyrirtöku þess hinn 15. apríl 2014 er að: - **Gætt var leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda.**

Ég get ekki annað en velt fyrir mér hvort dómstjóri og dómara héraðsdóms Reykjavíkur sjái í raun og veru ekki **það alvarlega stjórnarskrárbot** sem felst í þeirri framkvæmd réttarfars sem hér hefur verið lýst. Það er fjarri mér að halda að það ferli sé eitthvað "sérhannað" fyrir mitt mál. Ég tel svo ekki vera. Hugsanlega frá þessari ljótu framkomu og framkvæmd er kominn sá orðrómur sem heyrir meðal þolenda óréttlætis, að það sé tilgangslaust að reyna að leita réttar síns fyrir dómstólum, **það sé bara troðið á réttindum fólks.**

Í 65. gr. stjórnarskrár segir eftirfarandi:

"65. gr. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Í því máli sem rakið er hér að framan, býr héraðsdómur til, án formlegra óska þar um, réttarstöðu fyrir þann aðila sem ég stefni. **Til slíkrar íhlutunar í málarekstur minn hefur dómurinn engar lagaheimildir**, hvorki í lögum 91/1991, um meðferð einkamála, lögum nr. 15/1998, um dómstóla, eða í skráðum Réttarfarareglum.

Á sama tíma og í sama máli, er ALGJÖRLEGA HAFNAÐ ÓSKUM FRÁ MÉR UM LÖGVARIN RÉTTINDI MÍN TIL HAGSMUNAGÆSLU Í EIGIN MÁLSHÖFÐUN. OG mér jafnvel hótað **ofbeldi** til að koma í veg fyrir að ég fái afrit af þingbók þess þinghalds, míns eigin stefnumáls, sem ég var að sækja.

Ef þú Hr. Dómsstjóri, telur þá framkvæmd sem að framan er lýst, standast ákvæði 65. gr. stjórnarskrár, þá verður að telja réttarfar og réttlætisvitund þína mikið verr á vegi stadda en mér hafði komið til hugar. Bæði Dómstólaráð og Innanríkisráðherra munu fá afrit af þessu opna bréfi mínu.

Ljóst er að héraðsdómur Reykjavíkur hefur fyrirgert möguleika sínum til að geta talist **dómstóll er uppfylli ákvæði 70. gr. stjórnarskrár, í mínum málum**. Í upphafi 70. gr. stjórnarskrár kemur eftirfarandi fram: (*leturbreyting GJ*)

"70. gr. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur.... með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli."

Í þeirri stöðu sem hér er komin fram, hlýtur að vakna spurning um hvernig verði hægt að haga því svo til að mál mitt verði rekið fyrir **fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli**. Héraðsdómarar í landinu eru ekki margir, landið lítið og stutt milli manna í svo fámennri og sérhæfðri starfsstétt. Það mál sem ég hef stefnt inn til dómsúrlausnar er MJÖG SÉRHÆFT og krefst mikils og ótvíræðs hlutleysis gagnvart öflugum fjármálaumhverfi, Seðlabanka sem framkvæmdaaðila verðtryggingar, en einnig stjórnvöldum og Alþingi, sem eiganda Íbúðalánasjóðs en jafnframt þess að hafa ekki gætt hagsmuna einstaklinga og fyrirtækja í landinu til jafns við hagsmuni fjármagnseigenda.

Hr. Dómsstjóri! Við þig og aðra þá aðila sem bréf þetta fá og **ber í raun að taka efni þess til sín**, vil ég segja. Það hryggir mig mjög að vera knúinn til að rita þetta bréf. Ég er enn miður mín yfir því að réttlætisvitund dómskerfisins skuli vera á svo lágu stigi sem raun ber vitni. Ég mun hins vegar bíða um sinn og vænta svara frá þér, Dómsstjóri. Einnig vænti ég svara frá Dómstólaráði og Innanríkisráðuneyti. **Það er ekki ásættanlegt að halda áfram með slík stjórnarskrárbrot í réttarkerfi okkar.**

Virðingarfyllst

Reykjavík 15. apríl 2014

Guðbjörn Jónsson

Afrit sent:

Dómstólaráði,

Innanríkisráðherra,

Fjölmiðlum.